

## Enska

| Námsþáttur | 8. bekkur   | 9. bekkur   | 10. bekkur   |
|------------|---|---|--|
| Hlustun    | <p><b>Á 3. þrepi getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Fyrirhafnarlitið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnulegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.</li> <li>○ Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.</li> <li>○ Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.</li> <li>○ Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</li> </ul> |   |  |
| Nemandi:   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti nýtt sér talað mál og hlustun við úrlausn verkefna.</li> <li>• Geti fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju.</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti greint aðal- og aukaatriði og nýtt sér á fjölbreyttan hátt.</li> <li>• Geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og unnið úr þeim.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.</li> </ul> |

|               |   |  |  |
|---------------|---|--|--|
| Lesskilningur | <p><b>Á 3. þrepi getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi meðlestrinum.</li> <li>○ Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>○ Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> <li>○ Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</li> </ul> |  |  |
| Nemandi:      | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga.</li> <li>• Geti greint aðalatriði frá aukaatriðum.</li> <li>• Geti lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur ætlaðar ungu fólki.</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> <li>• Geti valið lestraraðferð eftir eðli texta.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti lesið sér til gagns og ánægju texta með nokkuð fjölþættum orðaforða.</li> <li>• Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>• Geti lesið sér til gagns, ánægju og þroska skáldsögur ætlaðar ungu fólki.</li> </ul> |

|           |  |   |   |
|-----------|--|---|---|
| Samskipti | <b>Á 3. þrepi getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitt nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisís- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða.</li> <li>○ Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> <li>○ Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.</li> <li>○ Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul> |   |   |
| Nemandi:  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti gert sig skiljanlegan og skilið aðra og beitt við það ólíkum aðferðum.</li> <li>• Geti beitt viðeigandi kurteisís- og samskiptavenjum.</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> <li>• Geti tekist á við ólíkar aðstæður í samskiptum.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> <li>• Geti beitt nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjanda.</li> <li>• Geti notað algeng föst orðasambönd.</li> </ul> |

|          |  |  |   |
|----------|--|--|---|
| Frásögn  | <b>Á 3. þrepi getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.</li> <li>○ Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.</li> <li>○ Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> <li>○ Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul> |  |   |
| Nemandi: | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tjáð sig á viðeigandi hátt í mismunandi aðstæðum.</li> <li>• Geti flutt stutta frásögn eða kynningu af nokkru öryggi.</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir.</li> <li>• Geti flutt frumsamið efni einn eða í félagi við aðra.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tjáð sig skipulega með óundirbúið efni og getur brugðist við spurningum.</li> <li>• Geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> </ul> |

|          |   |  |  |
|----------|---|--|--|
| Ritun    | <b>Á 3. þrepi getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.</li> <li>○ Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.</li> <li>○ Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.</li> <li>○ Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> <li>○ Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul> |  |  |
| Nemandi: | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á.</li> <li>• Geti skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega.</li> <li>• Geti skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið.</li> <li>• Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> <li>• Geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar.</li> <li>• Geti skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga.</li> <li>• Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> <li>• Geti eikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.</li> <li>• Geti skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.</li> <li>• Geti skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.</li> <li>• Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> <li>• Geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul> |

|               |  |   |  |
|---------------|--|---|--|
| Menningarläsi | <b>Á 3. þrepi getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.</li> <li>○ Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.</li> <li>○ Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.</li> <li>○ Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</li> </ul> |   |  |
| Nemandi:      | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist síðum og venjum enskumælandi þjóða.</li> <li>• Kynnist mismunandi framburði enskumælandi þjóða.</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti borið menningu, siði og venjur á Íslandi saman við menningu enskumælandi þjóða.</li> <li>• Geti borið kennsl á mismunandi framburði enskumælandi þjóða.</li> <li>• Geti fylgst með og sagt frá málefnum líðandi stundar úr fjölmiðlum.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.</li> <li>• Geti sýnt fram á að hann þekkir vel til menningar og innri samfélagsgerðar einstaka enskumælandi þjóða.</li> </ul> |

